

Pési



Lesið þetta

- Mikilvægi einstaklingsins
- Auglýsingar
- Fréttir
- Skólaþing
- Gönguferð

Næsti Pési kemur út
10.sept. Skil á efni er
7. sept.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
Hátíðarræða	8
ZERO	9
Fjallaskilamál	10
Gönguferðir	14
Smalahundar	15

Ágúst 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfr Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 229. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Hátíðarhöld í september

Flestir vita náttúrulega að Hrunaréttir verða föstudaginn 11. september. Réttardagurinn er einn allsherjar hátíðisdagur í sveitinni, með spriklandi nýju grænmeti og tilheyrandi kjötsúpu. Þá er í undirbúningi uppskeruhátíð 26. september. Að þeirri vinnu kemur m.a. ferðamálafulltrúinn okkar Ásborg Arnþórsdóttir ásamt fjölmörgum áhugamönnum á staðnum. Næsti undirbúningsfundur fyrir uppskeruhátíðina er 20. ágúst kl. 15.00 á Hótel Flúðum en hótelhaldararnir hafa mikið frumkvæði hvað þessi hátíðarhöld varðar eins og með Bylgjulestina í sumar.

Mikilvægi einstaklingsins

Í litlum samfélögum eins og okkar skiptir hver einstaklingur miklu máli. Allir hafa ákveðnum hlutverkum að gegna, bæði í einkalífinu og í margs konar störfum samfélagsins. Oft eru þeir gagnrýndir sem eru valdir til forystu. Um margt er það eðlilegt, því við upplifum hlutina frá mismunandi sjónarmiðum og þekkjum á mismunandi hátt til mála og höfum fjölbreytilegar skoðanir á þeim. Í annan tíma getur gagnrýnin verið ósanngjörn því „sínur augum lítur hver silfrið“ segir gamalt íslenskt máltæki. Við upplifum mikið óvissu og ólgu-tímabil á Íslandi um þessar mundir, þar sem hið efnahagslega hrun bitnar á íbúum landsins ekki hvað síst á yngsta fólkinu sem er að reyna að koma undir sig fótunum. Þá nagar atvinnuleysið margan manninn og brýtur niður frumkvæði og kraft fólks. Sem betur fer er lítið atvinnuleysi hér í hreppnum.

Tímamót eru hér í hreppnum þar sem nýr oddviti, Ragnar Magnússon hefur tekið við því ábyrgðarmikla starfi af Sigurði Inga Jóhannssyni sem kjörin var alþingismaður í vor. Sigurður situr í hreppsnefndinni út kjörtímabilið. Báðir þessir ágætu menn eru fæddir og uppaldir í Hrunamannahreppi eiga það m.a. sammerkt að hafa búið annarsstaðar, sótt sér menntun og reynslu, en hafa síðan flust aftur á sína heimaslóð. Það er öllum hollt að horfa í kringum sig og upplifa eitthvað annað sem oft leiðir til þess að okkur þykir enn vænna um uppruna okkar á eftir. Sigurður Ingi hefur setið í hreppsnefnd frá árinu 1992 og verið oddviti hreppsnefndar frá árinu 2002. Ragnar hefur setið í hreppsnefnd frá árinu 2002 og verið varaoddviti frá árinu 2006. Halldóra Hjörleifsdóttir hefur verið kjörin varaoddviti. Sigurði Inga eru þökkuð farsæl störf í þágu sveitarfélagsins og er nýjum oddvita óskað óskað velfarnaðar. Nýr oddviti mun auglýsa sérstaka viðtalstíma í skrifstofu hreppsins á þriðjudögum frá kl. 10.00 -12.00. Ragnari og hreppsnefndinni allri er óskað áframhaldandi velgengni í starfi sem og hinum nýja alþingismanni Sigurði Inga Jóhannssyni. Við treystum því að samstaða og traust verði ríkjandi í hreppsnefnd Hrunamannahrepps hér eftir sem hingað til, slíkt er ómetanlegt og farsælt.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

Farsæl ljósmóðir

Í forystugreininni í Pésanum núna nefni ég mikilvægi hvers einstaklings og þeim mismunandi hlutverkum sem þeir gegna. Ljósmóðir er eitt fallegasta orðið í íslenskri tungu. Í hreppnum okkar starfaði einmitt öflug ljósmóðir, Elín Stefánsdóttir í Miðfelli, en Elín er ein af þessum mikilvægu þegnum í samfélaginu okkar. Hún tók á móti 44 börnum hér í sveit, tveimur í Biskupstungum og einu í Gnúpverjahreppi. Hún er einnig sú gæfumanneskja, eins og hún sagði sjálf, að missa aldrei barn eða móður sem var ala barn. Starf Elínar minnir okkur óneitanlega á hinar gríðarlegu samfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað á Íslandi og hve miklu ábyrgðarhlutverki hún gegndi á sínum tíma og með miklum sóma. Að beiðni hreppsnefndar Hrunamannahrepps fór Elín í ljósmæðraskólann árið 1952 og var skipuð í embættið 1. janúar 1954. Eiginmaður hennar, Magnús Gunnlaugsson var bæði hreppsnefndarmaður og fjallkóngur.

Hreinsistöð frárennslis tekin í notkun

Í síðustu viku var hreinsistöð fráveitunnar okkar tekin í notkun. Hér er um danskt hugvit að ræða sem framleitt er í Tékklandi en það er fyrirtækið Bólholt á Egilsstöðum sem flutti hreinsistöðina inn. Slíkar hreinsistöðvar eru m.a. á Egilsstöðum, Hallormsstað, Borg í Grímsnesi og víðar. Þær hafa reynst vel við íslenskar aðstæður. Hér er um þriggja þátta hreinsikerfi að ræða sem lýkur með geislun. Þannig að frárennslíð sem úr stöðinni kemur á að geta verið nokkuð hreint þó það sé ekki drykkjarhæft – en einn gárunginn taldi að hægt væri að nýta það í framleiðslu á malti. Það er þó býsna ólíklegt. Það var lán í óláni að við fluttum stöðina inn á síðasta ári um það leyti sem gjaldeyrismál okkar voru að fara úr skorðum en við rétt sluppum áður en evran hækkaði uppúr öllu valdi. Hreinsistöðin er þáttur í að efla umhverfisímynd Hrunamannahrepps.

Tvö ný býli tengjast hitaveitunni

Það hefur mörgum komið á óvart að það eru 58 borholur í hreppnum. Hitaveita Flúða hefur tekið yfir svokallaða Átaksveitu sem nær frá Flúðum að Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Verið er að leggja nýja hitavatnslögn á þessu svæði og hafa tvö býli bæst í hóp býla sem áður hafa ekki verið hituð upp með hveravatni en það eru Ás og Sólheimar.

Nýja tjaldsvæðið

Mikil aðsókn hefur verið á hið nýja tjaldsvæði á Flúðum sem og tjaldsvæðið við Álfaskeið. Flest hefur gengið vel á hinu nýja tjaldsvæði en eðlilega eru alltaf einhverjir byrjunarörðuleikar. Mikla athygli vekja strandblakvellirnir, þá hafa börnin gaman að sulla í Litlu-Laxá en einmuna veðurbliða hefur verið í júlímánuði. Ómar Olgeirsson, verkfræðingur frá Nefsholti í Holtum, hefur verið umsjónarmaður svæðisins í sumar einnig hafa einstaka rekstraraðilar unnið mikið starf við uppbyggingu svæðisins. Ekki er annað að heyra á fólki en því líki vel að dvelja við ána. Helstu áhyggjurnar tengjast því þegar tjaldbúar eru á gangi á þjóðveginum að sækja þjónustu í miðbæinn á Flúðum. Hins vegar er slíkt ekkert einsdæmi þar sem tjaldsvæði eru í útkanti þéttbýliskjarna. Vegfarendur eru hvattir til þess að fara varlega þarna sem annarsstaðar. Sveitarstjórn hefur bent fulltrúum Vegagerðarinnar á hættur á þessu svæði bæði að sumri og vetri þegar skólabörn fara um þetta svæði.

Brunavarnir óska eftir viðræðum um sameiningu slökkviliða

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur borist bréf frá forsvarsmönnum Brunavarna Árnassýslu þar sem óskað er eftir viðræðum um samruna slökkviliðsins á Flúðum, Hveragerðis og Ölfuss en öll þessi slökkvilið eru utan Brunavarna Árnassýslu. Málið var tekið fyrir á fundi hreppsnefndar nú í vikunni og við fyrstu sýn virðist ekki mikill áhugi á sameiningu slökkviliðanna af okkar hálfu. Slökkviliðsstjóri okkar er Jóhann Marelsson.

Bændamarkaðurinn

Þær standa sig vel stöllurnar Hanna frá Haukholtum og Esther frá Sólheimum á bændamarkaðnum sem opinn er hér um helgar. Þær láta vel af starfsemi sinni sem sífellt eykst, þegar uppskeran í útiræktuninni er í hámarki. Eins þykir fólki spennandi að geta keypt villtan lax, nýjar kartöflur og grænmeti auk þess sem selt er nauta- og grísakjöt á markaðnum. Vonandi verður framhald á bændamarkaðnum á Flúðum. Hugmyndir eru uppi um að efna til uppskeruhátíðar síðast í september. Vonandi verða þær hugmyndir að veruleika.

Umgengni Kvenfélagsgarður – Högnastaðaás

Enn af umgengni og umgengnismálum. Bæði í Högnastaðaásnum og í Kvenfélagsgarðinum hefur borið á slæmri umgengni þar sem haldin eru partí og fólk gengur ekki frá eftir sig. Oft þirrum við okkur á því að aðkomumenn gangi svona illa um en frómar tungur telja að hér sé ekki síður um heimamenn að ræða. Tökum nú höndum saman og pössum okkur á að ganga vel um þessi svæði sem og önnur því „umgengnin lýsir innri manni“ eins og máltækið segir.

Snyrtimennskan í hávegum höfð

Pésinn er sífellt að hvetja menn til betri umgengni bæði í þéttbýli og í dreifbýli í Hrunamannahreppi. Mjög margir ganga einstaklega vel um og er það til mikillar fyrirmyndar. Enn mætti þó betur gera þó ýmislegt hafi færst til betri vegar í sumar. „Ungþíurnar“ á Heimalandi slá ekki slöku við. Þær hafa snyrt og fíniserað í allt sumar, eins og reyndar oft áður. Þær láta ekki aldurinn aftra sér og kalla það „unglingavinnuna“ þegar þær eru að snyrta til í garðinum. Einnig er t.d alltaf jafn gaman að dást að einstaklega fallegu horninu þar sem þau hjónin Margrét Óskarsdóttir og Björn Einarsson búa. Það er til mikillar fyrirmyndar. Auðvitað mætti nefna fleiri snyrtimenni en snyrtimennskan er smitandi og hvetjandi eins og ruslið og slæm umgengni pirrar okkur. Við ættum öll að taka þær stöllur á dvalarheimilinu Heimalandi okkur til fyrirmyndar og gera fallegan hrepp enn fegurri.

Kæru vegna Bakkatúnsvegjar vísað frá

Enn er unnið að undirbúningi að lagningu Bakkatúnsvegjar. Einni kæru vegna lagningu vegjarins hefur verið vísað frá af hálfu samgönguráðuneytisins en það tengdist veglagningunni fram hjá Útlaganum. Sá úrskurður féll í júlí. Enn er málið til skoðunar hjá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála þó að kæru hafi verið hafnað vegna lagningu vegjarins 19. febrúar 2004.

Leikur að list Laugalandi

Enn ein rósinn hefur færst í hnappgat okkar í listsköpun á Flúðum. Þær mágkonur, Dóra Mjöll Stefánsdóttir og Margrét Emilsdóttir hafa sett upp listamannaskála við Laugaland þar sem hægt er að kaupa listmuni . Þar er margt fallett að skoða. síminn hjá Dóru er 8475920 en hjá Margréti 8684006.

Óskilahross

Á einu af snyrtilægustu býlum Hrunamannahrepps, Bryðjuholti, hefur óskilahross tekið sér bólfestu, alltént um tíma. Búið er að auglýsa gripinn m.a. í Sunnlenska fréttablaðinu, í Versluninni Strax og nú í Pésanum. Enginn hefur enn gefið sig fram sem eigandi hrossins sem er brúnt og talið vera 6 til 10 vetra. Flóki er í tagli. Eigandi hrossins er beðinn um að gefa sig fram hið fyrsta því ella verður hrossið boðið hæstbjóðanda eftir u.þ.b. hálfan mánuð.

Bankastjórinn til staðar

Kristófer Arnfjörð útibústjóri Kaupþings banka á Selfossi vill gjarnan halda tryggð við Hrunamenn. Hann verður til viðtals á skrifstofu Hrunamannahrepps þriðjudaginn 18. ágúst frá kl. 14.-16.00. Áhugasamir eru hvattir til þess að nýta sér þessa þjónustu. Ef fólk nýtir hana ekki munu þessir viðtalstímar hér á Flúðum leggjast af og allir sem vilja tala við útibústjórann munu þurfa að fara á Selfoss.

Flúðir vinsæll ferðamannastaður

Mikið hefur verið um að vera í ferðapjónustunni í sumar. Tjaldsvæðið á Álfaskeiði hefur verið mikið notað ekki síður en tjaldsvæðið við Flúðir. Bylgjulestin hélt hér mikla hátíð í síðasta mánuði þar sem fjölmargir komu að málum. Þau Guðmundur og Margrét á Hótel Flúðum báru þó veg og vanda af allri skipulagningu heimamanna varðandi heimsóknina sem tókst með miklum sóma. Hátíðargestir höfðu gaman af að hitta formann Sölufélags Garðyrkjumanna sem skar ásamt hjálparkokkum grænmeti og gaf vegfarendum. Hjálparkokkarnir voru m.a. Pálmar Þorgeirsson og sveitarstjórinn en báðir þóttu svolítið „búttáðir“ og einhverjir héldu því fram að þeir mættu borða svolítið meira af grænmeti og draga úr öðru í fæðupírámídanum. Kannski gera þeir það karlarnir því nú er einstakt framboð af brakandi góðu grænmeti í hreppnum.

Hverahólmi

Björn Kjartansson í Hvammi vinnur nú að framkvæmd hugmynda sinna um að endurreisa gömlu laugina við Hverahólma. Hugmyndir Björns er að reisa þarna baðaðstöðu fyrir ferðamenn og vera með veitingarekstur á þessu svæði. Þetta eru afar spennandi hugmyndir og verður kærkomin viðbót við afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu. Hjálmar Gunnarsson hefur verið sérstakur aðstoðarmaður Björns og er hann liðtækur í því eins og mörgu öðru sem hann tekur sér fyrir hendur.

Brúarsmíði yfir Hvítá

Brúarsmíðin yfir Hvítá við Bræðratungu er í fullum gangi. Þessi gamli draumur er að verða að veruleika. Brúin mun tengja saman Uppsveitir Árnassýslu, stytta leiðir og mun tilkoma hennar vafalaust leiða til enn meiri samvinnu og jafnvel áframhaldandi sameiningar sveitarfélaga á þessu svæði.

Ein almannavarnarnefnd í Árnassýslu

Áframhaldandi er unnið að því að pússa saman eina almannavarnarnefnd í Árnassýslu. Formaður nefndarinnar er Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri í Árborg. Hvert sveitarfélag hefur síðan einn fulltrúa í nefndinni. Sveitarstjóri er fulltrúi Hrunamannahrepps í nefndinni en oddviti er varamaður. Þetta fyrirkomulag á við um flest önnur sveitarfélög á svæðinu. Í vikunni var m.a. fjallað um svínaflensuvá sem vofir yfir.

Hrossabeit meðfram vegum

Athugulir og velhugsandi íbúar hreppsins hafa bent á hve mikil hætta fylgir því þegar hrossum og sauðfé er beitt á vegkantana. Þessi umræða spratt upp þegar keyrt var á nautgripina í Flóanum á dögnum.

Byggð í Sunnuhlíðarlandi

Engan bilbug er að finna á eigendum Byggðar á Brikum í landi Sunnuhlíðar þrátt fyrir yfirstandandi efnahagskreppu. Það er auðvitað vel því þetta er væntanlega góður tími til þess að undirbúa framkvæmdir sem þessar. Á sama hátt er unnið áfram að uppbyggingu heilsuþorps en stofnað hefur verið sérstakt hlutafélag um heilsuþorpið sem nefnist Heilsuþorpið Flúðum ehf. Verið er að leita að fjárfestum því hér er um afar kostnaðarsama framkvæmd að ræða. Talað er um kr. 4 til 5 milljarða. Það eru miklir peningar og peningar liggja ekki alveg á lausu um þessar mundir. Við vonum hins vegar að báðar þessar hugmyndir verði að veruleika.

Heimasíðan hrundi

Það óhapp átti sér stað í sumar þegar tölvusnillingurinn okkar Ella Jóna, var að færa gögn á milli „servera“ að heimasíðan okkar fludir.is hrundi. Við erum í óða önn að reyna að vinna hana upp á nýjan leik en ótrúlega margir skoða síðuna. Við erum með teljara á síðunni og oft hefur komið fyrir í sumar að upp undir hundrað manns eru í senn að skoða síðuna. Þess vegna er mikilvægt að vera með sem nýjastar upplýsingar á henni. Ljóst er að það tekur nokkurn tíma að koma heimasíðunni í gott lag á nýjan leik.

Annað eins er nú skrifað um í Pésanum!

Ágætur íbúi hringdi í mig á dögnum og bar upp erindi sitt. Því næst sagði hann: „Annað eins er nú skrifað um í Pésanum“. Það er satt að segja engin regla á því hvað skrifað er um og hvað ekki. Hins vegar er ritstjóra oft bent á efni til þess að fjalla um og er mjög þakklátur fyrir það. Efnið er m.a. hugsað til þess að upplýsa og varðveita það helsta sem er að gerast í byggðarlaginu. Vonandi hafa einhverjir gaman af þessum skrifum. En það er með Pésann eins og sjónvarpið það er engin ástæða til þess að kveikja á því ef okkur leiðst það – það er hægt að henda Pésanum beint í ruslið ef lesendum leiðist hann.

Hátíðarræða 17 júní 2009

Heiðruðu samkomugestir. Sveitungar, vinir, systur og bræður. Við komum hér saman til að halda uppá afmæli. Einsog við gerum á slíkum stundum tökum við daginn frá og njótum þess að vera með þeim sem eru okkur kærir. Við leikum okkur og finnum hvað það er gott. Já við fögnum því að við erum sjálfstætt lýðveldi og höfum valið afmælisdag þjóðhetjunnar Jóns Sigurðssonar sem okkar þjóðhátíðardag. Hann þekkti sína köllun og helgaði henni líf sitt. Þó Íslendingar hafi ekki ráðið yfir sínu landi í næstum 700 ár gleymdu þeir aldrei að það hafði ekki alltaf verið svo. Vitundin um að við höfðum verið sjálfstæð og stolt þjóð blundaði innra með okkur og sveið kúgunin. Þess vegna vissu allir hvers virði það var árið 1944 þegar lýðveldið Ísland var stofnað. Við vorum fullvalda ríki sem kaus sér lýðveldið sem stjórnarform. Ég velti því fyrir mér hvort mér sjálfri og fólki yngra en ég er sé þetta eins vel ljóst. Hvað felur orðið sjálfstæði í sér? Það þýðir í raun og veru frelsi. Ef einstaklingur er kúgaður verður hann beygður og sjálfvirðing hans skaðast. Þjóð er einstaklingar í fleirtölu og þegar sjálfsvirðing þjóðar er sködduð getur hún ekki alið upp heilbrigðar kynslóðir. Sönn sjálfsvirðing byggist ekki á því að sigra í keppnum eða verðmætum eigna heldur því sem orðið felur í sér. Virðingu fyrir eigin sjálfi. Þú verður þekkja þín eigin gildi og mátt ekki brjóta gegn þeim því þá skaðast þessi tilfinning og hamingja þín er í veði. Við förum að skammast okkar fyrir það sem við erum og felum það með öllum ráðum. Sönn sjálfsvirðing felur í sér heiðarleika svo við getum jafnóðum hreinsað það sem á fellur. Því enginn er fullkominn og allir gera mistök. Ef ekki væri svo hefðum við fæðst sem englar en ekki menn.

Á síðasta ári reið yfir okkur mikið áfall. Við vissum ekki betur eða vildum kannski ekki vita en að við værum í hópi forréttindapjóða sem teldust ríkar og mundu örugglega verða það áfram. Við uggðum ekki að og það notfærðu sér ákveðnir menn með græðgina að aflvaka og orkuuppsprettu. Það eru myrk öfl sem þannig virka að menn geti arðrænt og skaðað sína eigin þjóð og þeir hljóta að kallast landráðamenn. Það hefur þótt í gegnum tíðina versti glæpur sem hægt er að fremja og slíkar manneskjur látnar sæta þungum refsingum ef til þeirra náðist. Hvað varð um landvættina fjóra sem vörðu landið í eina tíð? Þeir horfðu bara útá hafið og vörðu það fyrir utanaðkomandi hættu en áttuðu sig ekki á að hún kom að innan og í bakið á þeim. Landvættirnir okkar búa auðvitað í samvitund þjóðarinnar og við verðum að finna hvar þeir eru í dag og virkja þá til starfa. Á næstunni munum við Íslendingar þurfa að taka stóra ákvörðun. Viljum við ganga í Evrópusambandið?

Varðar það sjálfstæði okkar? Hverju fórnum við og hvað fáum við í staðinn eða verðum við að sæta afarkostum og höfum ekki val? Mikilvægasta spurningin einsog alltaf. Mun ákvörðun mín hafa áhrif á þá tilfinningu sem ég hef sem Íslendingur? Veit ég að ég er að gera rétt? Við verðum að svara þessum spurningum hvert fyrir sig hvort sem við teljum að við höfum nægar upplýsingar til þess eða ekki. En ef við erum og verðum ekki lengur stolt af því að segja „Ég er Íslendingur“ þá höfum við svikið okkar eigin gildi. Það er mikilvægt að þjóð hafi heilbrigða sjálfsmynd svo hún geti alið upp heilbrigðar kynslóðir svo framþróun verði möguleg hjá mannkyninu. Tilfinning barns fyrir sjálfu sér byggist á því hvort það hefur verið elskað nægilega eða ekki. Ef það veit og finnur að það er einstök manna vera sem er elskuð einsog hún er og að það er kærleikurinn og kærleikurinn er guð og hann er góður þá hefur það forvörn. Þá einu forvörn sem raunverulega virkar gegn þeim hættum sem græðgis öflin notfæra sér vegna þess að það vill ekki gera sjálfu sér illt, skaða sig og særa sína nánustu Það hefur lært að elska sig einsog það hefur verið elskað. Það er hið eðlilega ástand manneskjunnar að vera hamingjusöm. Hvers vegna höfum við gleymt hvernig á að fara að því?

Kæru sveitungar, fögnum í dag og verum glöð, leikum okkur saman og njótum dagsins. Sjáum hvað sveitin okkar er yndisleg og mannlífið fallett og hvað það er gott að tilheyra þessari þjóð og eiga heima í þessu stórkostlega landi.

Til hamingju með daginn Íslendingar.

Hildur Sigurðardóttir

Frá Félagsmiðstöðinni ZERO

Starfsár félagsmiðstöðvarinnar Zero hefst fimmtudaginn 27. ágúst og verður opið sem hér segir:

Mánudagar 15.00 – 20.00

Þriðjudagar 15.00 – 20.00

Fimmtudagar 15.00 – 22.00

Föstudagar 15.00 – 24.00 einu sinni í mánuði

Fimmtudaginn 3. sept klukkan 19.00 verður kynningarfundur á starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í matsal Flúðaskóla. Þar verður kosið í 7 manna unglingaráð félagsmiðstöðvarinnar í fyrsta skipti. Kjörgengir eru allir unglingar í Hrunamannahreppi og Skeiða og Gnúpverjahreppi fæddir 1992 til 1997. Að lokum vill félagsmiðstöðin ZERO þakka stuðninginn og samstarfsaðilum fyrir ómetanleg störf síðasta vetur.

Hjalti Sigurðsson

Forstöðumaður s. 865-8151

Um Fjallskilamál

Á fundi Landbúnaðarnefndar þann 5. ágúst 2009 var jafnað niður vinnuframlagi þeirra sauðfjárbænda sem nýta afréttinn og taka þátt í smölungu hans.

Og skiptist það svona:

Auðsholt III	3 leitir
Auðsholt IV	8,5 leitir
Auðsholt II	2 leitir
Grafarbakki I	6 leitir
Hrepphólar	5 leitir
Núpstún	1 leit
Skipholt III	3 leitir
Skipholt I	1 leit
Haukholt I	8 leit
Hrafnkelsstaðir I	5,5 leitir
Syðra-Langholt	1 leit
Sólheimar	2,5 leitir

Fjallskilafundur verður sunnudagskvöldið 23. ágúst kl 20.00 í Félagsheimilinu.

Þeir sem leitir eiga skila inn nöfnum á fjallmönnum fyrir þann tíma.

Fjallkóngur er Steinar Halldórsson.

Norðurleit fer af stað föstudaginn 4. september.

Suðurleit fer frá Kaldbak laugardaginn 5. September kl 12.00 þeir sem aðrar leiðir fara ætli sér sama tíma.

Hrunaréttir hefjast kl 10.00 föstudaginn 11. september.

Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps.

Þeir fjallmenn, sem eru með gulu endurskinsvestin frá því í síðustu fjallferð, vinsamlegast skilið þeim inn á hreppsskrifstofu

Rafgirðingarefni

Höfum tekið að okkur einkaumboð á Íslandi fyrir
Rutland rafgirðingarefni sem er þrautreynt hér á landi

Kynningarafsláttur

Rutland™
Electric Fencing



480 5600
landstolpi.is

LANDSTÓLPI 

Ábending til foreldra og forráðamanna barna sem fara í skóla eða leikskóla í haust.

Nú fer bráðum að nálgast sá tími er skólarnir byrja aftur eftir sumarfrí. Reynsla undanfarinna ára hefur verið að það er mest um lúsasmit þegar skólarnir taka til starfa á haustin. Við hjúkrunarfræðingar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Laugarási viljum þess vegna hvetja foreldra og forráðamenn barna sem byrja í skóla eða leikskóla í haust að leita að lús hjá barni eða börnum ykkar áður en skólinn byrjar.

Best er að leita að lús hjá barni ykkar reglulega skv. eftirfarandi leiðbeiningum:

Skodið hárið vel undir sterku ljósi og þá sérstaklega á hvirfli og aftan við eyrun.

Eggin/nitin eru eins og litlir hnúðar á hárinu. Þau eru oft ljós, dökk eða silfurlit (tóm). Þau eru föst á hárinu og strjúkast ekki auðveldlega af.

Tiltölulega auðvelt er að sjá fullvaxna lús, hún er 2-3 mm að stærð oft grá, dökk eða ljósbrún. Það er hins vegar erfiðara að sjá lýs sem eru nýkomnar úr eggjunum, þær eru örlitlar og hálfgegnisærjar.

Til eru lúsakambar í lyfjaverslunum sem gott er að greiða í gegnum hárið með yfir hvítu blaði, spegli eða vaski með vatni. Byrjið að kemma við hársvörðinn og kambið vel út í hárendana.

Ef lús finnst í hári þarf að meðhöndla það með sérstöku lúsameðali sem fæst án lyfseðils í lyfjaverslunum.

Hægt er að nálgast ítarlegri upplýsingar á www.heilsugaeslan.is

Með kveðju og von um góða samvinnu við að uppræta lúsina,

Hjúkrunarfræðingar Laugarási.



Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Löggiltur rafverkæki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

ATVINNA

Einn til tvo starfsmenn vantar fljótlega hjá Flúðafiski ehf.
Aðeins reglusamt og áreiðanlegt fólk kemur til greina.

Gæti hentað pari.

Upplýsingar í sínum: 486 6783 og 896 6098

Frá Kaupþing banka á Selfossi

Starfsmaður frá bankanum verður til viðtals á skrifstofu
Hrunamannahrepps, þriðjudaginn 18. ágúst frá kl:14:00-16:00

TIL SÖLU

Get útvegað mikið magn af stórsekkjum 1200 kg eða ca. 1m³

Henta vel undir td. kartöflur og korn. Aðeins 400 kr stk.

Upplýsingar í síma: 858 5509 eða í tölvupósti:

matti@jardboranir.is

ATVINNA

Starfsmaður óskast á kúabú.

Upplýsingar í síma: 898 7186 Ragnar

Setning Flúðaskóla verður föstu-
daginn 21. ágúst 2009, kl 10:00 –

12:00. Boðið verður upp á skólaakstur.

Skóli hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 24. ágúst.

Skólastjórnendur



Krakkagolf á Selsvelli.

Krakkar 14 ára og yngri sem þátt í golfæfingum í sumar eru
hvött til að mæta á golfmót miðvikudaginn 19 ágúst kl: 5 (kl: 17) á
Selsvelli. Spilaðar verða 6 holur í öllum aldursflokkum. Mótsgjald
verður 500 kr.

Innifalið í mótsgjaldi er pizza og gos. Foreldrar eru hvattir til að
mæta og ganga með börnunum og kynnast framtíðar golfurum

sveitarinnar. Sjáumst. Formaður GF. Karl og unglínganefnd.

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2009

16. ágúst Dagsganga

Stóru Laxárgljúfur (Fyrirvari vegna veðurs)

Ekið er inn í afrétt og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru- Laxár. En það er rómað fyrir náttúrufergurð. Komið við í Hrunakrök og endað á Kaldbak. Ógleymanleg ganga. Þessi ferð er hugsuð sem náttúruskoðun

Göngugarpar mæti á planið hjá Félagsheimilinu á Flúðum kl 10.00 en þaðan verða þeir keyrðir inn í afrétt. Gjald er tekið fyrir akstur

Áætlaður göngutími er 7-8 klst.

Panta verður í ferðina í síðasta lagi föstudaginn 14. ágúst hjá Evu Marín Hlynsdóttur í síma 4866728 / 8926728

Fararstjóri: Anna Ásmundsdóttir

Frá Bókasafni Hrunamanna

Sumaropnun til 31. ágúst:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Vetraropnun frá 1. september:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Á Bókasafni Hrunamanna er hægt að kaupa nýju útgáfuna af lestrardagbókinni.

Í Lestrardagbókina er skrifað niður hvað lesið er. Bókin er jafnt fyrir börn sem fullorðna, handa þeim sem eru í leshringjum og skemmtileg tækifærisgjöf fyrir þá sem þér þykir vænt um. Foreldrar geta fylgst með því hvað þeir hafa lesið fyrir börn sín.

Í lestrardagbókinni er formáli eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur og teikningar eru eftir Björn Heimi Önundarson.

Lestrardagbókin er skemmtileg heimild um góðar samverustundir með bókum.

Bókin kostar aðeins kr. 300,-.

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Munið heimasíðu bókasafnsins: <http://www.fludir.is/bokasafn/>

Netfang: bokasafn@fludir.is

Sími 486 6708



Landskeppni og aðalfundur Smalahundafélags Íslands verður haldin að Miðengi í Grímsnesi helgina 29-30 ágúst 2009.

Að þessu sinni heldur nýstofnuð Smalahundadeild Árnassýslu landskeppnina. Félagsmenn eru rúmlega 20 og var mikill áhugi fyrir stofnun deildarinnar. Öllum fjáreigendum er ljóst hversu dýrmætt er að eiga góðan smalahund.

Dagskrá:

Laugardagur 29. ágúst

Keppnin byrjar á unghundum kl. 11.00, síðan verður keppt í B-flokk og endað á A-flokki.

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands verður haldinn að Miðengi á laugardaginn að lokinni keppni. Eftir aðalfundinn verður sameiginleg grillveisla fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. Matur verða seldur á aðeins kr.

1.000 fyrir manninn og er hann þá niðurgreiddur af félaginu.

Sunnudagur 30. ágúst

Keppnin byrjar kl. 11.00 þá verður keppt í B-flokk og endað á A-flokki. Skráning fer fram hjá Reyni Jónssyni í síma 8980929 fyrir 20. ágúst. n.k. Upplýsingar um keppnisreglur er að finna á smalahundur.123.is Unghundar teljast þeir hundar sem eru 3 ára og yngri miðað við fæðingadag.

Þeir hundar sem hafa náð 50 stigum eða meira í smalahundakeppni skulu keppa í A flokki.

Við hvetjum eigendur smalahunda til að mæta á Landskeppnina og taka þátt í skemmtilegri keppni.

Við eigum von á frábærum hundum af öllu landinu og fjölda áhorfenda. Á Miðengi er veitingasala, tjaldstæði og snyrtiaðstaða. Þetta er kjörið tækifæri fyrir alla fjölskylduna að skella sér í útilegu og eiga góða helgi og frábæra skemmtun.

Mótsnefnd

Smalahundadeild Árnassýslu hvetur eigendur og áhugafólk um fjárhunda til að ganga í félagið og taka þátt í starfseminni. Þeir sem ætla að skrá sig hringi í Reynir Jónsson í síma: 8980929

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til fimmtudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað Húðhreinsun

Litun og plokkun Handsnyrting

Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir

Tímabantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Taktu þér tak með
Herbalife.

Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.

silja1@simnet.is / 892

16

6728



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Körfuknattleiksdeild UMFH

Þegar þessi orð eru skrifuð eru enn margir í sumarfrí, en nú styttist óðum í nýtt tímabil í körfunni. Smá breyting hefur átt sér stað í stjórninni, Kristín Erla Ingimarsdóttir hefur hætt sem ritari og hefur Bente Hansen tekið við því starfi.

Vetrarstarfið ætti að verða nokkuð hefðbundið og stefnum við í þátttöku á Íslandsmótinu í flestum flokkum. Við hlökkum mikið til vetrarins þar sem “okkar” krakkar standa sig afar vel og gaman er að fylgjast með þeim. Við í stjórninni vonumst til að foreldrar verði duglegir að sjá um að skipuleggja sjálfir akstur til og frá mótum í vetur. Yfirlit yfir keppnishelgar verður brátt tilbúið og fá krakkarnir það sent með heim, keppnisstaðir ráðast svo eftir úrslitum hverju sinni og er gefið upp með viku fyrirvara.

Æfingar byrja svo fljótlega upp úr skólasetningu og stundatafla fyrir íþróttáæfingar ætti einnig að verða tilbúin fljótlega.

Með körfu kveðju, Stjórnin

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðins-
götu 1-3 sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





Traktorstorfæran 2009. Ljós m: Sig Sigm



Frá Furðubátakeppninni



Bylgjulestin á Flúðum. Ljós:SigSigm

